

Sp.

274. Fyrirspurn

[148. mál]

til iðnaðarráðherra um orkumál Norðurlands.

Frá Oddi Ólafssyni.

1. Er það rétt að íbúar Norðurlandskjördæmis eystra eigi í heimabyggð niðursetta rafmagnsframleiðsluvél, er gæti fullnægt orkuþörf kjördæmisins næstu árin ef hún væri fullnýtt, og að til fullnýtingar þurfi aðeins nokkurra metra háan stíflugarð í Laxá, stíflugarð er reisa mætti á fáum mánuðum og mundi ekki kosta meira en olíu á dísilvélar svæðisins næsta ár?
2. Sé svo, er þá ekki hugsanlegt að hið breytta viðhorf í orkumálum ásamt margvíslegum örðugleikum íbúa svæðisins vegna orkuskortsins hafi skapað grundvöll fyrir endurskoðun samninga um stíflubyggingu, jafnvel stíflu er væri opin að nokkru eða öllu leyti frá vori til hausts, eða stíflu er skyldi rifin niður er hinni heilsuspillandi orkukreppu Norðurlands lýkur með rekstri Kröfluvirkjunar?